




Skýringar

-  Miðbæjarsvæði
-  Blönduð landnotkun.
Hafnar-/miðbæjarsvæði
-  Afmörkun
deiliskipulagssvæðis


Staðfest deiliskipulag Kvosarinnar frá 01.10.1987
eins og því var breytt 02.02.1989.

Unnið af Dagnýju Helgadóttur og Guðna Pálssyni arkitektum FAÍ Bankastræti 11 þann 17.11.1986.
Breytt af Borgarskipulagi Reykjavíkur í október 1988.

Mkv. 1:4000




Skýringar

-  Afmörkun
deiliskipulagssvæðis
Takmörkun á landnotkun
(sjá skilmála)

Breytt deiliskipulag Kvosarinnar.

Breytt af Borgarskipulagi Reykjavíkur, Ívari Pálssyni, Jóhannesi Kjarval og Birni Inga Edvardssyni þann 09.04.2001. Texti skilmála lagfærður 09.08.2001.

Mkv. 1:4000



Aðalskipulag Reykjavíkur 1996-2016.
Staðfest 18. ágúst 1997.

Deiliskipulag Kvosarinnar

breyting á deiliskipulagi Kvosarinnar, samþykktu í borgarstjórn 1. október 1997, með síðari breytingum.

Greinargerð:

Svæðið sem til umfjöllunar er afmarkast af Reykjavíkurhöfn í norður, Lækjargötu í austur, Tjörninni í suður og Tjarnargötu, Vonarstræti, Suðurgötu Túngötu, lóðum vestan Aðalstrætis, Grófinni og Tryggvagötu í vestur, eins og nánar er sýnt á uppdrætti þessum.

Tilgangur breytingarinnar er að koma í veg fyrir að næturklúbbum (nektarklúbbum) á svæðinu fjölgi og færa landnotkun svæðisins til samræmis við landnotkun Aðalskipulags Reykjavíkur.

Tillagan lýtur að því að þrengja skilmála um landnotkun/starfsemi á deiliskipulagssvæðinu frá því sem gert er ráð fyrir í gildandi deiliskipulagi og Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016, með því að banna stofnun og starfsemi nýrra næturklúbba (nektarstaða) á deiliskipulagssvæðinu, sbr. samþykkt borgarráðs þar um frá 25. júlí 2000. Jafnframt að skilgreina landnotkun á svæðinu með þeim hætti að taka af tvímæli um að hún sé hin sama og fram kemur í aðalskipulagi á hverjum tíma. Deiliskipulagsskilmálar svæðisins verða að öðru leyti óbreyttir.

Samkvæmt texta núgildandi deiliskipulags sbr. breytingu þess 2. febrúar 1989, er landnotkun á svæðinu "miðbæjarsvæði" og að hluta blönduð landnotkun "hafnar-/miðbæjarsvæðis" sbr. kort, en það var í samræmi við landnotkun Aðalskipulags Reykjavíkur 1984-2004. Aðalskipulag Reykjavíkur hefur breyst frá þeim tíma og þ.a.l. landnotkun á svæðinu. Samkvæmt núgildandi Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016 er landnotkun svæðisins "Miðborg og miðhverfi, M – Miðborg Reykjavíkur" sbr. breytingu á því sem staðfest var af umhverfisráðherra þann 6. júlí 2000. Svæðið norðan Geirsgötu hefur landnotkunina "Hafnarsvæði".

Skilmálar um landnotkun (starfsemi) á svæðinu:

Skilmálarnir deiliskipulagsins hljóða skv. breytingu dags. 2. feb. 1989:

Landnotkun deiliskipulags miðbæjarins (Kvosarinnar) verði í samræmi við staðfest aðalskipulag 1984-2004 þ.e. miðbæjarsvæði og blönduð landnotkun hafnar/miðbæjarsvæði.

Tillaga að breyttum skilmálum um landnotkun (starfsemi) á svæðinu hljóða svo:

Á deiliskipulagssvæðinu, eins og það er afmarkað á uppdrætti þessum, er heimilt að vera með þá starfsemi sem samræmist landnotkun gildandi aðalskipulags á hverjum tíma. Óheimilt er þó að setja á stofn eða starfrækja nýja næturklúbba (nektarklúbba) innan svæðisins. Með næturklúbb er átt við veitingastað með reglubundna skemmtistarfsemi þar sem aðaláhersla er lögð á áfengisveitingar og sýningu á nektardansi í atvinnuskyni sbr. 9. gr. laga um veitinga- og gististaði nr. 67/1985 m.s.br.

Tillagan var í kynningu frá 9. maí 2001 til 6. Júní 2001.
Athugasemdafrestur var til 20. Júní 2001.

Deiliskipulagsbreyting þessi, sem auglýst hefur verið skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, var samþykkt af skipulags- og byggingarnefnd þann 27. Júní 2001 og borgarráði Reykjavíkur þann 24. apríl 2001.

